

**Ed.**

**839. Frumvarp til laga**

[126. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. apríl.)

1. gr.

3. málsg. 2. gr. laga nr. 35/1960 orðist svo:

Það telst eigi heimili, þó maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, og það jafnt þótt maður sé eigandi þess húsnæðis, sem hann dvelst í. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni. Þegar um er að ræða dvöl á elliheimili, sérhönnuðum heimilum eða íbúðum fyrir aldraða eða öryrkja getur sveitarstjórn heimilað undanþágu frá þessu ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1981.